

1. Eignarhald bifreiðar.
2. Ökumann, aki umsækjandi ekki sjálfur.
3. Ljósrit af ökuskírteini umsækjanda eða annars ökumanns.
4. Hagi og atvinnu umsækjanda, t.d. með skattframtali.

5. gr.

Greiðslur skv. reglugerð þessari skulu vera 6.643 kr. á mánuði. Fjárhæðir taka breytingum skv. 65. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, sbr. 13. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 118/1993. Heimilt er þó að tillit sé tekið til breytinga á almennum rekstrarkostnaði bifreiða.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðar þessarar.

7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 13. gr., sbr. 11. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 118/1993, öðlast gildi 1. október 2000. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 438/1991 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. september 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

REGLUGERÐ

um (1.) br. á reglugerð nr. 808/1998 um tekjutryggingu.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tekjutrygging elli- og sjómannalífeyrisþega.

Ef tekjur einhleyps ellilífeyrisþega eru ekki hærrí en 268.560 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu á lífeyri hans að upphæð 365.352 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 268.560 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur einungis annað hjóna ellilífeyris, en hitt ekki, og eru sameiginlegar tekjur þeirra hjóna ekki hærrí en 1.074.240 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 365.352 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 1.074.240 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum sem bæði njóta ellilífeyris, en hafa sameiginlega tekjur sem fara ekki fram úr 537.120 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 537.120 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tekjutrygging örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

Ef tekjur einhleyps örorkulífeyrisþega eru ekki hærri en 402.840 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 375.756 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 402.840 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur aðeins annað hjóna örorkulífeyris, en hitt ekki, og eru sameiginlegar tekjur þeirra hjóna ekki hærri en 1.611.360 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 375.756 kr. á ári. Hafi hjón hans vegar tekjur umfram 1.611.360 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum sem bæði njóta örorkulífeyris, en hafa sameiginlegar tekjur sem eru ekki hærri en 805.680 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hans vegar tekjur umfram 805.680 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 66. gr., sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993 með síðari breytingum og öðlast gildi 1. október 2000. Fjárhæðir í reglugerð þessari breytast í samræmi við reglur 18. og 65. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. september 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

AUGLÝSING**um umferð á Akureyri.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Túngata milli Bankastígs og Strandgötu verður vistgata með einstefnu til suðurs.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 26. september 2000.

Björn Jósef Arnviðarson.